

Fundur settur 24/1

Mættar Anna Lilja, Anna Sjöfn, Harpa, Elísa og Fanney

Boltaumræða, teygjó, skopparabolta, sippubönd, krítar. Hvernig er umsjón og hvaðan er keypt, bíðum eftir svari frá skólanum, sendur póstur 24/1.

Skólasund umræðan tekin upp í Samtaka, tékka hvernig íþr.kennurum líst á þessa umræðu, taka próf – [sjá frétt hér](#) - Fanney

María Páls hópefli fyrir 6-10 bekk, er í biðstöðu vegna Covid en ekki búið að hætta við. Mórallinn betri en hann var í eldri bekkjunum finnst Öllu, um rætt á skólaráðsfundi.

Bækur fyrir Naustaskóla – bókasafnsvörður – verðum í sambandi við hana.

10.bekkar fjáröflun, hvað á að gera? heyra í Magga og Andra, yfirlit, hvað ætla þau að gera, hvað mun það kosta og hvað er á döfinni í mánuðunum fram á vor – verður skoðað af stjórnarmeðlim með kennurunum.

Matarumræða, enginn matur í fyrstu viku ársins, tugir máltíða yfir veturinn sem þau hafa þurft að sleppa. Vala nýji matavefurinn hvernig er það varðandi val 10 skipti á mánuði. Verðum að koma þessum Salatbar á. Tölvupóstur sendur á stjórnendur 24/1

Hvernig með spil, tékka á því fyrir yngri – skoðum hjá margt og mikið.

Bollur í boði foreldrafélagsins á bolludaginn, vatnsdeigsbolla með sultu og súkkulaði © 388 börn og 78 starfsmenn. Anna Sjöfn heyrir í Axel og tékkar hvað við gætum fengið bolluna á og hjá Magga og Andra hvort þeir ætli að fara í bollufjáröflun fyrir 10.bekk. verður skoðað af stjórnarmeðlim með kennurunum í 10.bekk og stjórnendum.

Vorhátíð aðeins rædd, halda eða ekki það er spurningin - Benedikt búálfur skoða það á vordögum.